

Tilvistartúlkun og trúarbragðafræðsla

Inngangur

Hvers vegna erum við hér? Um hvað snýst lífið eiginlega? spyrja félagarnir í Monty Python hópnum í kvikmyndinni *Meaning of Life*.¹ Síðan leitast þeir við að svara ýmsum spurningum um merkingu og tilgang lífsins á sinn kaldhæðna hátt, svo kaldhæðinn á stundum að erfitt getur reynst að taka þá alvarlega. Samt eru þeir að takast á við mikilvægar spurningar sem brenna á mörgum. Þýski guðfræðingurinn Paul Tillich hélt því fram upp úr miðri síðustu öld í bók sinni *Dynamics of Faith* að leitinn að merkingu væri orðin að grundvallaratriði fyrir nútímamanninn.² Tæpum fjörutíu árum síðar tóku Peter L. Berger og Thomas Luckmann upp þráðinn í bók sinni *Modernity, Pluralism and the Crisis of Meaning*, þar sem þeir ræddu meðal annars um merkingarkreppu nútímamannsins á tímum fjölhyggju (e. *pluralism*) og héldu því fram að spurningar um menningarlega „áttun“ (e. *cultural orientation*) væru meðal brýnustu málefna í nútímasamfélagi.³ Fleiri fræðimenn á síðari hluta síðustu aldar beindu sjónum að hinu sama. Þannig talaði bandaríski guðfræðingurinn og sálfræðingurinn James Fowler um manneskjuna sem veru sem leitar merkingar (e. *meaning-seeking being*).⁴

Spurningar um tilvist og merkingu, svokallaðar tilvistarspurningar, virðast fylgja því að vera maður, þótt ljóst sé að við erum misjafnlega upptekin af slíkum spurningum. Gjarnan er um að ræða spurningar sem vakna þegar fólk stendur andspænis hremmingum eða áföllum í lífinu, horfist í augu við ranglæti, kúgun, ofbeldi, þjáningu og dauða, eða glímur við hið torskilda í lífi sínu. Þá verður spurningin um merkingu og tilgang oft knýjandi. Börn og ungmenni eru ekki undanskilin í þessu efni og því vaknar sú spurning að hve miklu leyti skólinn getur komið til móts við nemendur í slíkri glímu. Í greininni verður sjónum beint að rannsóknum á tilvistarspurningum og tilvistartúlkun barna og unglinga og hugað að því með hvaða hætti slík viðfangsefni koma við sögu í Aðalnámskrá grunnskóla og eigi heima í skólastarfi. Athyglinni verður sérstaklega beint að trúarbragðafræðslu í skólum, þeim áherslum sem henta þar og hvernig hún getur stutt nemendur í að vinna með reynslu sína og tilvistartúlkun ásamt því að efla færni þeirra í að skilja reynslu og tilvistartúlkun annarra.

Víða má finna dæmi um margs konar tilvistarspurningar, svo sem í bókmenntum, myndlist, kvikmyndum og tónlist. Það bendir til þess að mörgum finnist þær knýjandi eða að minnsta kosti þess verðar að við þær sé glímt. Þetta á ekki síst við í dægurmenningunni. Bono, söngvari U2, spyr til að mynda hversu lengi þurfi að syngja um ofbeldi og kúgun í laginu *Sunday Bloody Sunday*. Kveikjan að laginu eru ofbeldisverk á Norður-Írlandi á 8. áratug síðastliðinnar aldar. Illskiljanleg bið og ópreyja eftir friði og sátt birtist í spurningunni: Hversu lengi þarf að syngja þennan söng þegar reyndin er sú að við getum orðið eitt þegar í kvöld?⁵ Annað dæmi er nýorðinn Nóbels-

¹ *The Meaning of Life Theme Song*, sótt 9. mars af <http://www.montypython.net/scripts/meanlife.php>.

² Paul Tillich, *Dynamics of Faith*, New York: Harper & Row, 1957, bls. 1–29.

³ Peter L. Berger og Thomas Luckmann, *Modernity, Pluralism and the Crisis of Meaning*, Gütersloh: Bertelsmann Foundations Publishers, 1995, bls. 5–11.

⁴ James Fowler, *Stages of Faith: The Psychology of Human Development and the Quest for Meaning*, San Francisco: Harper and Row, 1981, bls. 9–36.

⁵ *Sunday, Bloody Sunday*, sótt 9. mars 2017 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/127>.

verðlaunahafi, Bob Dylan, sem í texta lagsins *Blowing in the Wind* spyr ýmissa áleitinna tilvistarspurninga sem snúast um stríð og frið, kúgun og frelsi. Og svarið er í viðkvæðinu: „The answer is blowin’ in the wind.“⁶ Og hugurinn reikar til Jobsbókar Gamla testamentisins sem lýsir einmitt glímu manns við áleitnar tilvistarspurningar um réttlætið í tilverunni eftir að hann hafði lent í miklum hremmingum og misst allt, bæði eignir og fjölskyldu — og eftir harða baráttu talaði Guð að lokum til hans í storminum. Írska tónlistarkonan og söngvaskáldið Sinead O’Connor notar einmitt forna texta Jobsbókar í sinni tilvistarglímu á plötu sinni *Theology*: „Hví dó ég ekki nýkominn úr móðurskauti, andaðist er ég kom úr móðurlífi? Hvers vegna tóku hné á móti mér og brjóst handa mér að sjúga?“ (Job 3.11–12).⁷ Og við getum fundið Jobs-gervinga víða, t.d. í ýmsum kvikmyndum. Í mynd Krzysztof Kieślowski, *Prór litir: Blár*, lendir kona í svipuðum aðstæðum og Job þegar fjölskyldan hennar ferst í bílslysi og hún ein lifir af. Glíma hennar við tilvistarspurningarnar er hörð og spurningar um örlög og frelsi manneskjunnar eru meðal annars teknar til skoðunar. Sjónum er einkum beint að því hve ófullkomið frelsið er, og þá ekki félagslegt eða pólitískt frelsi fyrst og fremst, heldur innra frelsi manneskjunnar og hvað skuldbindingar kærleikans fela í sér.⁸

Taka má dæmi úr annarri kvikmynd, þ.e. kvikmynd Pauls Thomasar Anderson *Magnolia* en þar hvílir fortíðin eins og mara á fólki. Það birtist í sundruðum heimi, mistökum, eftirsjá og söknuði. Í myndinni er hópur fólks að kljást við spurningar um merkingu og tilgang í brostnum heimi, þar sem uppeldi, aðstæður, breytni og framgangi fólks hafði kallað yfir það tilvistarkreppu og ánaud sem það finnur ekki leið út úr. Því gengur einfaldlega illa að fást við líf sitt, merkingu þess og tilgang.⁹ Spurningar um tilvist Guðs, nálægð hans eða fjarlægð virðast líka áleitnar í erfiðum aðstæðum og aftur má vísa í áður nefndan Bono og texta hans *Wake up, Dead Man*¹⁰ — og enn má sjá samhljóm með fornum textum, þ.e.a.s. sumum af harmljóðum Davíðssálmasafnsins í Gamla testamentinu.¹¹ Einnig má nefna til sögunnar ástralska poppskáldið Nick Cave, en þegar textar hans eru skoðaðir kemur í ljós margt konar glíma við hinar myrku hliðar lífsins, svo sem angist, illsku, sorg og þjáningu.¹² Og á síðustu plötu hans endurómar nístandi glíma við sonarmissi.¹³

Taka mætti ótal fleiri dæmi en þessi duga til þess að sýna að glíman við tilvistarspurningar og tilvistartúlkun er algengt viðfangsefni í bókmenntum, kvikmyndum og listum. Til að draga saman má ef til vill vísa til bókar austurríska geðlæknisins Viktors Frankl frá 1946, sem í íslenskri þýðingu heitir *Leitin að tilgangi lífsins*, en hún byggist á reynslu hans af því að hafa verið fangi í útrýmingar-búðum nasista í Auschwitz á sínum tíma og lifað af. Frankl heldur því fram að tilgang lífsins sé að finna í hverju andartaki þess; lífið hættir aldrei að hafa merkingu, jafnvel í þjáningu og dauða.¹⁴ Glíma manneskjunnar snýst því um að finna þessa merkingu og þennan tilgang í lífi sínu, meðal annars til að tapa ekki voninni.

⁶ *Blowing in the Wind*, sótt 9. mars 2017 af <https://bobdylan.com/songs/blowin-wind/>.

⁷ *Watcher Of Men*, sótt 9. mars 2017 af http://www.sinead-oconnor.com/m/lyrics/album_theology.txt.

⁸ Gunnar J. Gunnarsson, „Frelsi og kærleikur í kvikmyndinni *Prór litir: Blár* eftir Krzysztof Kieslowski“, *Guð á hvíta tjaldinu: Trúar- og biblíustef í kvikmyndum*, ritstj. Bjarni R. Sigurvinsson, Gunnlaugur A. Jónsson og Þorkell Óttar Ágústsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001, bls. 243–257.

⁹ Gunnar J. Gunnarsson, „Froskar og frelsun í *Magnolia*“, *Guð á hvíta tjaldinu: Trúar- og biblíustef í kvikmyndum*, ritstj. Bjarni R. Sigurvinsson, Gunnlaugur A. Jónsson og Þorkell Óttar Ágústsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001, bls. 123–139.

¹⁰ *Wake up, Dead Man*, sótt 9. mars 2017 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/albumId/4063/song/162>.

¹¹ Gunnar J. Gunnarsson, „Trúarstef í dægurtónlist: Örvænting og von í fáeinum dægurlagatextum í samanburði við nokkra sálma í Sálmaþók íslensku kirkjunnar“, *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 17/2003, bls. 65–97; Gunnar J. Gunnarsson, „Bono og Davíð: Áhrif Davíðssálma á texta hljómsveitarinnar U2“, *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 39/2014, bls. 32–50.

¹² Gunnar J. Gunnarsson, „Trúarstef í dægurtónlist: Örvænting og von í fáeinum dægurlagatextum“, bls. 65–97.

¹³ *Skeleton Tree*, sótt 9. mars 2017 af <http://www.nickcave.com/music/nickcaveandthebadseeds/skeleton-tree/>.

¹⁴ Viktor Frankl, *Leitin að tilgangi lífsins*, Reykjavík: Háskólaútgáfan — Siðfræðistofnun, 1996.

Tilvist og túlkun

Sú staðreynd að mikið er fjallað um spurningar sem snerta tilvist manneskjunnar og merkingu lífsins, bæði í bókmenntum, kvikmyndum, listum og fræðiritum leiðir af sér að áhugavert er að beina athyglinni að tilvistartúlkun og tilvistarspurningum sem viðfangsefni í rannsóknum og kennslu. Töluverðar rannsóknir hafa verið gerðar í nágrannalöndunum á tilvistartúlkun og tilvistarspurningum barna og unglinga og eru slíkar rannsóknir áhuga- verðar þegar horft er til trúarbragðafræðslu í skólum og hvaða áherslur og aðferðir geta hentað þar á tímum fjölhyggju og trúarlegs margbreytileika. Í Noregi og Svíþjóð hafa til dæmis um langt árabíl verið stundaðar rannsóknir á þessu sviði, þ.e. á því hvernig börn og unglingar hugsa um og túlka líf sitt og reynslu. Jafnframt hafa átt sér stað líflegar rökræður um grundvallarhugtök, eins og lífsskoðun (s. *livsåskáðning*), tilvistarspurningar (s. *livsfrágor*) og tilvistartúlkun (s. *livstolkning*).¹⁵

Fremstur í flokki í þeim rannsóknum var sænski prófessorinn Sven Hartman, en hann kom að ýmsum rannsóknarverkefnum á þessu sviði á áttunda og níunda áratug síðastlið- innar aldar í Svíþjóð. Nefnd skulu tvö dæmi, hið fyrra frá áttunda áratugnum (svokallað BaLi-verkefni — skammstöfun fyrir „Barn och livsfrágor“). Það beindist að börnum á leik- skólaaldri og yngstu börnum grunnskólans, en áður höfðu verið gerðar rannsóknir sem beindust að unglingum og þeirra tilvistarspurningum.¹⁶ Markmiðið með BaLi-rannsókninni var að kanna forsendur leikskólabarna og barna í yngstu bekkjum grunnskólans til að skilja og takast á við spurningar á sviði lífsviðhorfa. Meginniðurstöðurnar voru þær að börn á öllum aldri velta fyrir sér grundvallarspurningum um lífið og tilveruna, til dæmis um líf og dauða, ótta og öryggi, þjáningu og samkennd, ábyrgð og sekt, og að slíkar spurningar eru þeim mikilvægar.¹⁷

Hitt dæmið er rannsóknarverkefni frá síðari hluta níunda áratugarins þar sem lífsaðstæður og lífsskilningur barna var viðfangsefnið (svokallað Balil-verkefni — skammstöfun fyrir „Barns livssituation och livstolkning“). Niðurstöðurnar staðfestu ýmislegt af því sem fyrri rannsóknir höfðu leitt í ljós. Í ljós kom að nemendur á yngsta stigi og miðstigi grunnskólans hugsa um og ígrunda grundvallarforsendur lífsins og tilverunnar á mjög fjölbreyttan hátt og af gögnunum mátti draga þá ályktun að börn velti almennt slíkum hlutum fyrir sér og glími við tilvistarspurningar. Þau leiti eftir merkingarbærri mynd af lífinu og bentu niðurstöður til þess að þegar í yngstu bekkjum grunnskóla spyrji börn tilvistarspurninga í tengslum við mótun persónulegrar lífsskoðunar.¹⁸ Í þessu sambandi má minna á *Aravísur* Stefáns Jóns- sonar, sem margir kannast við, en margar þeirra spurninga Ara sem þar er að finna eru einmitt dæmi um tilvistarspurningar. Þessar sænsku rannsóknir og fleiri rannsóknir sýna glögg að börn hugsa um grundvallarforsendur tilverunnar og glíma við tilvistarspurningar

¹⁵ Sjá Gunnar J. Gunnarsson, „Frán livsåskáðning till livstolkning: Om religionspedagogisk begreppsutveckling“, *Livet tillfrågas: Teoretiska förutsättningar för en livsfrågeorienterad religionsundervisning* (GEM rapport 7), ritstj. Sven Hartman, Niclas Rönström og Kirsten G. Zetterqvist, Stokkhólmi: Stockholms Universitet, 2010, bls. 31–81.

¹⁶ Sjá skýrsluna *Tonáringen och livsfrågorna: Elevattityder och undervisningen i livsåskåning och etik på grundskolans högstadium: Elevundersökningar och metodiska förslag av en arbetsgrupp inom skolöverstyrelsen*, Stokkhólmi: SÖ-förlaget, 1969.

¹⁷ Sven G. Hartman, Sten Pettersson og Gordon Westling, *Vad funderar barn på?* Stokkhólmi: Utbildningsforskning, 1973; Sven G. Hartman og Sten Pettersson, *Livsfrågor och livsåskåning hos barn: Några utgångspunkter för en analys av barns livsfrågor och livsåskåning samt en presentation av några delstudier inom området* (rapport 7), Stokkhólmi: Högskolan för lärarutbildning, Institutionen för peda- gogik, 1980; Ulla Ekström og Jan Odencrants, *Livsfrågor och attityder hos barn i åldrarna 9–13 år*, Stokkhólmi, 1980; Sven G. Hart- man, *Barns tankar om livet*, Stokkhólmi: Natur och kultur, 1986; Sven G. Hartman, „Livstolkning hos barn och unga“, *Livstolkning och värdegrund: Att undervisa om religion, livsfrågor och etik*, ritstj. Edgar Almén o.fl., Linköping: Linköpings universitet, Skapande vetande, 2000, bls. 53–101.

¹⁸ Inger Green og Sven G. Hartman, *Barns livssituation och livstolkning: Projektpresentation* (arbetsrapport 33), Linköping: Linköpings universitet, Institutionen för pedagogik och psykologi, 1992.

í viðleitni sinni við að skilja veruleikann og móta með sér lífsskoðun sem gefur tilverunni merkingu. Þetta skapar ákveðnar forsendur og samhengi þegar kemur að umfjöllun skólans um trúarbrögð og lífsviðhorf og sýnir að í því efni eru ýmsir snertifletir við hugmyndaheim og vangaveltur barna sem áhugavert er að rannsaka.

Á svipuðum tíma og umræðan í Svíþjóð snerist að miklu leyti um hugtökin lífsskoðun (s. *livsåskådning*) og tilvistarspurningar (s. *livsfrågor*)¹⁹ var hugtakið lífstúlkun eða tilvistartúlkun (n. *livstolkning*) meira áberandi í umræðunni í Noregi. Þar var Peder Gravem²⁰ frumkvöðull en aðrir fylgdu í kjölfarið.²¹ Hugtakið hafði þó komið við sögu í umræðunni í Svíþjóð²² en kom nú í ríkari mæli til umræðu þar og víðar, bæði í tengslum við lífsviðhorfarannsóknir og rannsóknir á trúarbragðafræðslu í skólum.²³ Hugtakið lífstúlkun eða tilvistartúlkun þótti hentugt í því sambandi þar sem það þykir lýsa því ferli þegar einstaklingur leitast við að ná áttum í tilverunni, tekst á við lífsaðstæður sínar og reynslu og leitar svara við tilvistarspurningum sínum og merkingu lífs síns. Þetta ferli á sér stað í gagnverkandi samspili milli einstaklingsins og þess félagslega og menningarlega samhengis sem hann lifir í og felur í sér þá sífelldu viðleitni manneskjunnar að gera tilveruna skiljanlega og merkingarbæra. Hér er því um merkingarskapandi ferli að ræða, leit mannsins að merkingu eða tilgangi lífsins er í brennidepli.²⁴

Viðhorf barna og ungmenna á Íslandi

Hér á landi hafa ekki verið gerðar margar rannsóknir á lífsviðhorfum og tilvistartúlkun barna og ungmenna.²⁵ Þó eru dæmi um rannsóknir sem hafa með ýmsum hætti beinst að því hvernig börn og unglingar hugsa og tjá sig um lífsviðhorf sitt og hvernig þau túlka líf sitt og tilvist. Áhugavert er

¹⁹ Sjá t.d. Ingmar Hedenius, *Att välja livsåskådning*, Stokkhólmi: Bonniers, 1951; Anders Jeffner, *Livsaskådningsforskning: Livsåskådnningar i det moderna samhället* (forskningsrapport 7), Uppsölum: Uppsala universitet, Teologiska institutionen, 1973; Sven G. Hartman og Sten Pettersson, *Livsfrågor och livsåskåning hos barn*, bls. 21–89; Carl R. Bråkenhielm, „Livsåskådningsforskning: Vad är det?“, *Världsbild och mening: En empirisk studie av livsåskådnningar i dagens Sverige*, ritstj. Carl R. Bråkenhielm, Falun: Nya Doxa, 2001, bls. 7–32; Mikael Lindfelt, *Att förstå livsåskådnningar: En metateorisk analys av teologisk livsåskådningsforskning med anknytning till Anders Jeffners ansatser*, Uppsala Studies in Faiths and Ideologies 12, Uppsölum: Acta Universitatis Upsaliensis, 2003.

²⁰ Peder Gravem, „Livstolkning“, *Prismet*, 47:6/1996, bls. 235–274.

²¹ Sjá t.d. Elisabet Haakedal, „Det er jo vanlig praksis hos de fleste ber...“: *Religionslærerrolle, livstolkning og skolekulturell ritualisering: En religionspedagogisk studie av grunnskolelæreres handlingsrom på 1990-tallet*, Osló: Universitetet i Oslo, Det teologiske fakultetet, 2004, bls. 54–64; Geir Skeie, *En kulturberisst religionspedagogikk*, Þrándheimi: Norges teknisk-naturvetenskaplige universitet, 1998, bls. 158–165; Geir Skeie, „Livssyn og livstolkning: Noen religionspedagogiske refleksjoner om terminologi og vitenskapsteori“, *Tidsskrift for teologi og kirke*, 73:2/2002, bls. 83–106.

²² Sjá t.d. Inger Green og Sven G. Hartman, *Barns livssituation och livstolkning*; Sven-Åke Selander, *Livstolkning: Om religion, livsåskåning och etik i skolan i ett didaktiskt perspektiv: En förutsättningsanalys*, Malmö: Lunds universitet, Lärarhögskolan i Malmö, Utvecklingsavdelningen, 1994.

²³ Sjá t.d. Björn Wiedel, *Personlig livstolkning och religiös tradition: Om det personligas plats i religionspedagogiken*, Stokkhólmi: Verbum, 1999; Sven G. Hartman, „Livstolkning hos barn och unga“, bls. 53–101; Sven Åke Selander, „Livstolkning — trostolkning — tydning: Grundbegrepp i en personlighetsutvecklande religionsdidaktisk modell“, *Forskning og fundering: Religion og religiositet i skole, kirke og samfunn. Festskrift til Ole Gunnar Wimsnes*, ritstj. Erling Birkedal, Harald Hegstad og Geir Skeie, Þrándheimi: Tapir, 2000, bls. 14–34; Tullie Torstenson-Ed, *Ungas livstolkning och skolans värdegrund*, Forskning i fokus 14, Stokkhólmi: Myndighet för skolutveckling, 2003; Sven G. Hartman, og Tullie Torstenson-Ed, *Barns tankar om livet*, 2. útg., Stokkhólmi: Natur och kultur, 2007, bls. 88–89; Christina Osbeck, *Krånkingens livsförståelse: En religionsdidaktisk studie av livsförståelselärande i skolan*, Karlstad: Religionsvetenskap, Karlstads universitet, 2006, bls. 83–156; Gunnar J. Gunnarsson, „I Don't Believe the Meaning of Life is All That Profound“: *A Study of Icelandic Teenagers' Life Interpretation and Values*, doktorsritgerð í menntunarfræðum, Stokkhólmi: Stockholm University, Department of Education, 2008, bls. 57–84; Gunnar J. Gunnarsson, „Frán livsåskåning till livstolkning“, bls. 31–81.

²⁴ Gunnar J. Gunnarsson, „I don't believe the meaning of life is all that profound“, bls. 82–84; Gunnar J. Gunnarsson, „Frán livsåskåning till livstolkning“, bls. 75–78.

²⁵ Dæmi eru um lífsviðhorfa- og trúarlífsrannsóknir hér á landi sem hafa einkum beinst að fullorðnum og því er ekki fjallað sérstaklega um viðhorf eða hugmyndir barna og unglunga, sjá t.d. Björn Björnsson og Pétur Pétursson, „Trúarlíf Íslendinga“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 3/1990; Gallup, „Trúarlíf Íslendinga: Viðhorfsrannsókn“, febrúar–mars 2004; Siðmennt/Maskína, „Lífsskoðanir Íslendinga og trú“, nóvember 2015.

að skoða niðurstöður slíkra rannsókna í samanburði við hliðstæðar rannsóknir í nágrannalöndunum og þegar ræddar eru áherslur og nálganir í trúarbragðafræðslu í skólum. Fyrstu rannsóknir á þessu sviði urðu meðal annars til vegna áhrifa frá áðurnefndum rannsóknum Svens G. Hartman og fleiri rannsóknum á Norðurlöndunum.²⁶ Hér verður vikið að þremur rannsóknum frá síðustu tveim áratugum sem greinarhöfundur hefur tekið þátt í, með það fyrir augum að draga upp mynd af því hvað vitað er um viðhorf og hugmyndir barna og ungmenna hér á landi á þessu sviði og draga af því ályktanir um nálganir og áherslur í trúarbragðafræðslu.

Á síðari hluta tíunda áratugar síðustu aldar var gerð rannsókn á viðhorfum barna og unglunga í þremur árgöngum grunnskóla á Íslandi, þ.e. 5., 7. og 9. bekk. Í þeirri rannsókn svöruðu um 1100 börn í 13 skólum víðs vegar um land spurningalistum um ýmislegt sem sneri að trú og lífsviðhorfi, trúariðkun, sorg og dauða, kristinfræði- og trúarbragðafræðinámi og fleiru. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu meðal annars til tiltölulegrar einsleitni í trúarefnum og meirihluti barnanna hafði fengið einhvers konar trúarlegt uppeldi á heimilum, sem hafði mótað viðhorf þeirra ásamt þátttöku í kristilegu æskulýðsstarfi. Jafnframt kom fram að þátttaka í kirkjulegu eða kristilegu æskulýðsstarfi, sem var mikil meðal nemenda í yngri bekkjum, fór minnkandi með aldri og að trúariðkun, svo sem í formi bænar, fór einnig minnkandi með aldri, en hélst þó mun meiri fram á unglingsárin en þátttakan í kirkjustarfinu. Þá virtist guðsmynd eða hugmynd barnanna og unglunganna um guð mótast að töluverðu leyti af þeim hugtakaheimi og veruleika sem þau höfðu alist upp við undir lok síðustu aldar. Einnig kom fram að stúlkur reyndust almennt trúræknari en drengir og þegar börnin og unglungarnir voru spurð um tilfinningar þeirra gagnvart dauða og sorg og viðbrögð þeirra við missi og vanlíðan, kom í ljós að stúlkur hugsuðu meira um dauðann en drengir og algengara var að viðbrögð þeirra við sorg og vanlíðan væru með einhverjum hætti trúarlegri en hjá drengjum. Þá var mun algengara að stúlkunum þætti best að tala við einhvern eða hugsa um eitthvað fallett þegar þeim leið illa en drengjunum en hins vegar var algengara að drengirnir teldu best að gera eitthvað skemmtilegt eða „fara bara og leggja sig“.²⁷ Ef til vill má ekki lesa of mikið út úr þessu en sá grunur vaknaði þó að stúlkur ættu auðveldara með að ræða reynslu sína, vandamál, líðan og tilvistar-spurningar en drengir.

Í framhaldi af þessari rannsókn beindist athyglin áfram að unglungum en nú var um að ræða eigindlega rannsókn með tilstyrk úr Kristnihátíðarsjóði, sem greinarhöfundur og Gunnar E. Finnbogason fengu til að rannsaka lífsviðhorf og gildismat unglunga. Tekin voru viðtöl við 24 unglunga í 9. bekk í þremur skólum árið 2003 og viðtölin við 16 þeirra voru síðan endurtekin árið eftir, þegar þau voru í 10. bekk. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu vaxandi menningarlegan og trúarlegan margbreytileika og endurspeglu fjölbreyttan bakgrunn viðmælenda. Í viðtölunum kom einnig í ljós tvenns konar spenna. Annars vegar var um að ræða spennu milli einsleitni og margbreytileika, þar sem ljóst var að ríkjandi trúarbrögð, gildi og hefðir samfélagsins höfðu áhrif á lífsviðhorf unglunganna, jafnframt því sem fjölbreyttur bakgrunnur í fjölskyldu hafði mikil áhrif á viðhorf og trúariðkun. Mörg þeirra töldu trú hafa gildi, sérstaklega þegar eitthvað bjátaði á, en um leið virtist hið trúarlega vera dálítið á sérstökum bás í lífi þeirra og sum áttu erfitt með að tjá sig um trúarleg efni. Hins vegar birtist í gögnunum spenna milli öryggis og óöryggis, þ.e. spennan milli þeirrar hamingju og öryggis sem unglungarnir fundu í fjölskyldu sinni og með vinum og þess

²⁶ Sjá t.d. Knud Munksgaard, *Børns religiøse opfattelse*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1980; Knud Munksgaard, *Unge livsyn: En undersøgelse af unges forhold til religion*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1984.

²⁷ Gunnar J. Gunnarsson, „Eru stelpur trúaðri en strákar?“ *Uppeldi og menntun: Tímarit Kennaraháskóla Íslands* 8/1999, bls. 9–33; Gunnar J. Gunnarsson, „Unglingar og trú: Nokkrar niðurstöður úr rannsókn á trú og trúariðkun barna og unglunga“, *Bjarmi* 93: 1/1999, bls. 13–17; Gunnar J. Gunnarsson, „Guðsmynd og trúarhugsun barna og unglunga“, *Uppeldi og menntun: Tímarit Kennaraháskóla Íslands* 10/2000, bls. 181–205.

óöryggis sem tilfinningin fyrir tilgangsleysi veldur og ekki síst óttinn við að missa einhvern sinna nánustu og verða einmana, eða lenda í einelti. Um leið og unglingarnir áréttuðu aftur og aftur í viðtölunum að gildi á borð við traust, trúnað, vináttu og öryggi væru þeim mikilvæg, þá voru ummæli sem sýndu ótta við einsemd og einangrun einnig algeng, þrátt fyrir að flestir þeirra lýstu sér sem hamingjusömum og ættu marga góða vini.²⁸ Hér mátti því sjá margs konar birtingarmyndir trúarlegra og tilvistarlegra viðfangsefna og spurninga sem unglingarnir glímdu við.

Þriðja rannsóknin hefur staðið yfir á undanförunum árum en hún er unnin af rannsóknarhópi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og í honum eru auk greinarhöfundar þau Gunnar E. Finnbogason, Hanna Ragnarsdóttir og Halla Jónsdóttir. Þar hefur athyglin beinst að lífsviðhorfum og lífsgildum ungs fólks í fjölmenningsarsamfélagi. Rannsóknin er tvíþætt. Annars vegar var lagður spurningalisti fyrir rúmlega 900 nemendum á lokaárum framhaldsskólanáms í sjö skólum, þremur í Reykjavík og fjórum á landsbyggðinni, á árunum 2011–2012. Hins vegar voru tekin rýnihópaviðtöl við þriggja til sex manna hópa í fimm af sömu skólum með samtals 27 þátttakendum á árunum 2013–2014. Í báðum hlutum þessarar rannsóknar voru ýmis atriði til skoðunar sem tengjast lífsviðhorfum, trú, tilvistarspurningum og lífsgildum. Við blasir að þróunin í átt til margbreytileika og fjölhyggju, sem sjá mátti bregða fyrir í viðtölunum í rannsókninni frá 2003–2004, hefur haldið áfram. Niðurstöðurnar sýna að afstaða ungs fólks til vaxandi margbreytileika er almennt jákvæð. Ljóst er jafnframt að afstaða þeirra til trúar og trúarbragða er fjölbreytileg, þótt margir þátttakendanna væru þeirrar skoðunar að trúarbrögð hefðu lítil áhrif á viðhorf þeirra og daglegt líf. Trúarleg iðkun, svo sem bænir, var fremur lítil hjá meirihlutanum. Þó bentu viðtölin til að undir yfirborðinu hjá mörgum leyndist trú sem gott væri að geta gripið til þegar eitthvað bjátaði á.²⁹

Athygli vekur jafnframt að mörg ungmennanna í rannsókninni (ekki meirihluti þó, en frá 15% til 45%) óttuðust hluti eins og að vera ekki fær um að uppfylla kröfur í skólanum, að missa traust eða trúnað vinnu sinna, að verða sér til skammar, að verða óvinsæll og að lenda í einelti, sem sagt, ótti við að verða einmana og vera höfð útundan. Og þó að mörg þeirra væru á þeirri skoðun að framtíðin feli í sér mikið af tækifærum voru þau jafnframt mörg sem sögðu að tilhugsunin um framtíðina ylli þeim áhyggjum eða kvíða.³⁰ Áhugavert er að skoða þessar niðurstöður í samhengi

²⁸ Gunnar J. Gunnarsson, "I Don't Believe the Meaning of Life is All That Profound", bls. 162–176; Gunnar J. Gunnarsson, „Tilvistartúlkun og trú: Skipta trú og trúarbrögð einhverju máli í tilvistartúlkun íslenskra unglínga“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 26/2008, bls.113–132; Gunnar J. Gunnarsson, „Life Interpretation and Religion Among Icelandic Teenagers“, *British Journal of Religious Education* 31: 1/2009, bls. 3–15; Gunnar J. Gunnarsson, „To Be Honest and Truthful”: Central Values in the Life Interpretation Among Icelandic Teenagers“, *Religious Diversity and Education: Nordic Perspectives, Religious Diversity and Education in Europe*, ritstj. Cok Bakker o.fl., Münster/New York/München/Berlin: Waxmann, 2009, bls. 117–130; Gunnar J. Gunnarsson, „Bara að hafa einhvern til að teysta á”: Rannsókn á lífsviðhorfum og gildismati unglínga“, *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags*, ritstj. Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason, Reykjavík: Siðfræðistofnun — Háskólaútgáfan, 2010, bls. 45–61; Gunnar J. Gunnarsson og Gunnar E. Finnbogason, „Trú og gildi í tilvistartúlkun unglínga: Nokkrar niðurstöður úr rannsókn á lífsviðhorfi og gildismati íslenskra unglínga“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 23/2006, bls. 43–70; Gunnar J. Gunnarsson og Gunnar E. Finnbogason, „A Need for Security and Trust: Life Interpretation and Values Among Icelandic Teenagers“, *Nordic Perspectives on Religion, Spirituality and Identity: Yearbook 2006 of the Department of Practical Theology*, ritstj. Kirsi Tirri, Helsinki: University of Helsinki, 2006, bls. 271–284.

²⁹ Gunnar E. Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, „Lífsviðhorf og gildi: Viðhorfa-könnun meðal ungs fólks í framhaldsskólum á Íslandi“, *Netla: Vefritur um uppeldi og menntun*, 31. desember 2011, sótt 10. mars 2017 af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/009.pdf>; Gunnar J. Gunnarsson, „Ungt fólk og trúarbrögð: Rannsókn á lífsviðhorfum og gildismati framhaldsskólanema“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 34/2012, bls. 50–76; Gunnar J. Gunnarsson og Gunnar E. Finnbogason, „Margbreytileiki og samstaða: Niðurstöður úr rannsókn á viðhorfum framhaldsskólanema á tímum margbreytileika“, *Netla: Vefritur um uppeldi og menntun*, 31. desember 2012, sótt 10. mars 2017 af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/007.pdf>; Gunnar J. Gunnarsson, Hanna Ragnarsdóttir, Gunnar E. Finnbogason og Halla Jónsdóttir, „Young People's Views on Religions in a Multicultural Society“, *Theological Journal of the Estonian Theological Society, University of Tartu* (Special issue) 69: 1/2016, bls. 93–109; Hanna Ragnarsdóttir, Gunnar J. Gunnarsson, Gunnar E. Finnbogason og Halla Jónsdóttir, „Viðhorf ungmenna í íslensku fjölmenningsarsamfélagi til menningar- og trúarlegs margbreytileika“, *Tímarit um uppeldi og menntun* 25: 2/2016.

³⁰ Gunnar J. Gunnarsson, Gunnar Finnbogason, Hanna Ragnarsdóttir og Halla Jónsdóttir, „Friendship, Diversity and Fear: Young People's Life Views and Life Values in a Multicultural Society“, *Norddidactica: Journal of Humanities and Social Science Education*

við rannsóknir á kvíða meðal ungs fólks, sem virðist hafa aukist á undanförunum árum, einkum meðal stúlkna.³¹

Unga fólkið í þessum rannsóknum, sem gerðar eru á tæplega 20 ára tímabili, tímabili mikilla breytinga í íslensku samfélagi, er að fást við ýmiss konar tilvistarleg málefni og spurningar. Það má því sjá ýmsar hliðstæður við niðurstöður í sambærilegum rannsóknum í nágrennlöndunum. Ljóst er að íslenskt samfélag hefur þróast frá einsleitni til margbreytileika og á þessu tímabili hafa bæði verið uppgangstímar og efnahagshrun hefur átt sér stað. Umhverfi og aðstæður hafa breyst og þar af leiðandi uppeldi og reynsla ungmenna. Þá hefur fjölbreytni hvað varðar lífsviðhorf og trúar-afstöðu aukist og breyst. Með vaxandi trúarlegum margbreytileika, sem meðal annars fylgir auknum straumi innflytjenda, og endurkomu trúarbragða í þjóðfélagsumræðuna við lok 20. aldar og í byrjun þeirrar 21., hefur athygli fræðimanna í ríkari mæli beinst að trúarbrögðum og áhrifum þeirra í samfélaginu og lífi einstaklinga og hópa, en með öðrum hætti en á tímum trúarlegrar og menningarlegrar einsleitni. Í því sambandi hefur þróuninni verið lýst þannig að trúarleg uppeldismótun hafi breyst í vestrænum samfélögum frá því að vera einsleit félagsmótun inn í ein tiltekin trúarbrögð fjölskyldu og samfélags, samanber stöðu kirkju og kristni hér á landi lengi vel, yfir í vaxandi margbreytileika þar sem sambandið milli trúar fólks og trúarstofnana rofnar og ólík trúarbrögð verða meðal margra möguleika sem í boði eru þegar kemur að mótun andlegra eða trúarlegra viðhorfa. En þrátt fyrir að tengsl ungs fólks við tilteknar trúarhefðir eða trúarstofnanir hafi minnkað er áhugi þess á hinu trúarlega og andlega áfram mikill.³² Niðurstöður þeirra rannsókna sem hér hefur verið fjallað um styðja þetta. Á sama tíma sýna þær einnig að ljóst er að börn og ungmenni glíma við margvísleg trúarleg og tilvistarleg viðfangsefni og spurningar þegar þau vinna úr reynslu sinni. Reikna má með að vaxandi fjölhyggja geti gert glímuna við tilvistartúlkunina margslungrari en hingað til. Því vaknar sú spurning hvort og hvernig þetta getur haft áhrif á trúarbragðafræðslu í skólum.

Trúarbragðafræðsla og tilvistartúlkun

Eitt af viðfangsefnum skólans er að fást við trúarbragðafræðslu og það er ljóst að bæði umhverfi og áhersluatriði þeirrar fræðslu hér á landi hafa breyst mjög á undanförunum árum. Vel fram yfir miðja 20. öldina var eingöngu um að ræða kristinfræðikennslu, enda þjóðkirkjan í sérstöðu með yfir 90% þjóðarinnar innanborðs samkvæmt opinberri skráningu. Í kjölfar grunnskólaganna 1974,³³ var farið að fræða um önnur helstu trúarbrögð til viðbótar kristninni og fór hlutur þeirrar fræðslu vaxandi eftir því sem leið á öldina og fram í byrjun þeirrar 21. Þetta sést vel þegar aðalnámsskrár grunnskóla rúmlega síðastliðna hálfu öld eru skoðaðar. Af þeim má sjá að þróunin hefur verið frá hefðbundinni biblíusögufræðslu stóran hluta 20. aldar, yfir í fræðslu um kristin fræði, siðfræði og helstu trúarbrögð á síðasta fjórðungi aldarinnar, og loks yfir í trúarbragðafræði sem hluta af samfélagsgreinum nú á 21. öld,³⁴ en samkvæmt núgildandi *Aðalnámsskrá grunnskóla* á að fræða um

2/2015, bls. 94–113; Hanna Ragnarsdóttir og Halla Jónsdóttir, „Samskipti ungs fólks í fjölmenningsarsamfélagi“, *Tímarit um menntarannsóknir* 10/2013, bls. 104–122.

³¹ Rannsóknir og greining, *Ungt fólk 2016. Ljóbeylsa ungs fólks í Reykjavík. Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2016*, sótt 13. mars 2017 af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/reykjavik_heild_2016.pdf.

³² Carole M. Cusack, „Some Recent Trends in the Study of Religion and Youth“, *Journal of Religious History*, 35/2011, bls. 409–418.

³³ Lög um grunnskóla nr. 63/1974.

³⁴ Menntamálaráðuneytið, *Aðalnámsskrá grunnskóla: Kristin fræði 1976*; Menntamálaráðuneytið, *Aðalnámsskrá grunnskóla 1989*, bls. 75–87; Menntamálaráðuneytið, *Aðalnámsskrá grunnskóla: Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði 1999*; Menntamálaráðuneytið, *Aðalnámsskrá grunnskóla: Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði 2007*. Sjá einnig: Sigurður Pálsson, *Kirkja og skóli á 20. öld: Staða og þróun kennslu í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum á Íslandi með samanburði við Danmörku, Noreg og Svíþjóð*, Reykjavík: doktorsritgerð, Kennaraháskóli Íslands, 2008; Gunnar J. Gunnarsson, „Religious Education at Schools in Iceland“, *Religious Education at Schools*

helstu trúarbrögð og lífsskoðanir sem þátt í menntun í samfélagsgreinum.³⁵ Þróunin hefur þannig fylgt samfélagsþróuninni sem birtist meðal annars í veraldarvæðingu (e. *secularization*), áhrifum hnattvæðingar og vaxandi trúarlegs margbreytileika, bæði hér á landi og í nágrannalöndunum. Við upphaf 21. aldar hafa þessar breytingar verið hraðari en fyrr og því er brýnt að skoða og ræða hvernig unnt sé að nálgast trúarbragðafræðslu við nýjar aðstæður, um leið og mikilvægt er að tengja þá fræðslu við fjölbreytilegan bakgrunn, viðhorf og reynslu nemenda.

Umræða um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum í nágrannalöndum okkar hefur mótast mikið af ofangreindum samfélagsbreytingum þar sem veraldarhyggja (e. *secularism*) ásamt trúarlegri fjölhyggju hefur víða leyst tiltölulega einsleita mynd í trúarefnum af hólmi, rétt eins og hér á landi. Evrópuráðið hefur á undanförunum árum sent frá sér ýmsar skýrslur og greinargerðir sem áréttu mikilvægi trúarbragðafræðslu sem þátt í almennri menntun.³⁶ Rauður þráður í þessum skýrslum er mikilvægi þess að vinna gegn staðalmyndum og misskilningi á trúarbrögðum, auka umburðarlyndi í trúarlegum efnum og efla þekkingu og skilning á ólíkum trúarbrögðum, bæði eigin og annarra, með markvissri fræðslu á öllum skólastigum. Einnig er lögð áhersla á að þekking á trúarbrögðum geti dregið úr ágreiningi og átökum sem stafa af skilningsleysi á trú annarra. Hún stuðli jafnframt að betri skilningi á sögu, bókmenntum og listum og efla menningarlega víðsýni. Árangursríkast er að trúarbragðafræðslan haldist í hendur við að innræta nemendum virðingu fyrir réttindum annarra, jafnvel þótt ágreiningur ríki um trúarbrögð og lífsviðhorf. Trúfrelsi séu algild mannréttindi og það feli í sér skuldbindingu um að virða réttindi og jafngildi allra manna. Þá er í þessum skýrslum enn fremur lögð áhersla á samræðu milli menningar- og trúarhópa til að skapa gagnkvæman skilning, umburðarlyndi og virðingu. Jafnframt er bent á nauðsyn þess að mennta hæfa kennara á þessu sviði. Markmiðið er m.a. að efla lýðræðislega og fjölmennningarlega hæfni. Jürgen Habermas³⁷ hefur bent á að trúarlegt umburðarlyndi sé mikilvægt á tímum fjölmennningarhyggju (e. *multiculturalism*) sem grundvöllur friðsamlegs sambylís ólíkrar menningar í lýðræðissamfélagi, og er óhætt að segja að áherslur í ályktunum og skýrslum Evrópuráðsins séu í samræmi við það.

Í Bretlandi hefur um langt árabil átt sér stað mjög áhugaverð umræða um trúarbragðafræðslu í fjölmenningsarsamfélagi og hvaða áherslur og nálganir séu heppilegastar í þeirri fræðslu. Segja má að umræðan hafi einkum skipst í tvö horn, annars vegar eru þeir fræðimenn sem leggja megináherslu á inntak trúarbragðanna og læsi á hefðir ólíkra trúarbragða³⁸ og hins vegar þeir sem leggja megináhersluna á samhengi trúarbragðanna og það menningarlega og félagslega umhverfi sem

in Europe. Part 3: Northern Europe, ritstj. Martin Rothgangel, Geir Skeie og Martin Jäggle, Vín: Vandenhoeck & Ruprecht — Vienna University Press, bls. 127–150.

³⁵ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011 — Greinasvið 2013* [3. útgáfa með breytingum 2016], sótt 14. mars 2017 af <https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>.

³⁶ Sjá t.d. *Report on Religious Tolerance in Democratic Society* Evrópuráðið, 12. janúar 1993, sótt 14. mars 2017 af <http://assembly.coe.int/Main.asp?link=/Documents/WorkingDocs/Doc93/EDOC6732.htm>; *Religion and Democracy* Evrópuráðið, 27. nóvember 1998, Committee on Culture and Education, sótt 14. mars 2017 af <http://assembly.coe.int/Main.asp?link=/Documents/WorkingDocs/Doc98/EDOC8270.htm>; *Education and Religion* Evrópuráðið, 19. september 2005, Committee on Culture, Science and Education, sótt 14. mars 2017 af <http://assembly.coe.int/Documents/WorkingDocs/doc05/EDOC10673.htm>; *State, Religion, Secularity and Human Rights* Evrópuráðið, 8. júní 2007, Committee on Culture, Science and Education, sótt 14. mars 2017 af <http://assembly.coe.int/Main.asp?link=/Documents/WorkingDocs/Doc07/EDOC11298.htm>; *Toledo Guiding Principles on Teaching About Religions and Beliefs in Public Schools*, Varsjá: OSCE Office for Democratic Institutions and Human Rights (ODHIR), 2007, sótt 14. mars 2017 af <http://www.osce.org/odihr/29154>; *White Paper on Intercultural Dialogue: Living Together as Equals in Dignity*, Evrópuráðið, júní 2008, sótt 14. mars 2017 af http://www.coe.int/t/dg4/intercultural/source/white%20paper_final_revised_en.pdf. Sjá einnig Sigurður Pálsson, „Trúarbragðafræðsla í skólum: Af vettvangi Evrópuráðsins og ÖSE“, *Netla: Vefritur um uppeldi og menntun*, 31. desember 2011.

³⁷ Jürgen Habermas, „Religious Tolerance: The Pacemaker for Cultural Rights“, *Philosophy: The Journal of the Royal Institute of Philosophy*, 79:1/2004, bls. 5–18.

³⁸ Sjá einkum Andrew Wright, „Language and Experience in the Hermeneutics of Religious Understanding“, *British Journal of Religious Education*, 18: 3/1996, bls. 166–180; Andrew Wright, *Religion, Education and Post-Modernity*, London: RoutledgeFalmer, 2004; Andrew Wright, „Contextual Religious Education and the Actuality of Religions“, *British Journal of Religious Education*, 30: 1/2008, bls. 3–12.

nemendurnir koma úr og trúarbrögðin eru hluti af.³⁹ Kosturinn við fyrra sjónarmiðið er sá að þar er lögð áhersla á þekkingu á frásögnum, kenningum og síðum ólíkra trúarbragða, sem stuðlar að læsi á ólíka menningu og hefðir og eflir skilning á sögu, bókmenntum og listum. Meginkostur síðara sjónarmiðsins er aftur á móti áherslan á hið menningarlega og félagslega samhengi og hlutverk trúarbragðanna og það að taka margbreytileika alvarlega í trúarbragðakennslu. Margir þeirra sem hafa skrifað hvað mest um áherslur og nálganir í trúarbragðafræðslu skólanna á síðustu árum hafa tekið undir síðara sjónarmiðið og í því sambandi lagt áherslu á að nota samræðu eða rökkræðu sem þátt í kennslunni. Lögð er áhersla á virka þátttöku og áhrif nemenda í náminu þannig að persónuleg þekking þeirra og reynsla verði ásamt námsefni í trúarbragðafræðum uppspretta náms, skoðana-skipta og ígrundunar.⁴⁰

Ef horft er til Norðurlandanna þá var á 8. áratug síðastliðinnar aldar sett fram hugmynd í Svíþjóð um svokallaða tilvistarspurninga-uppeldisfræði (s. *lívfråge-pedagogik*) þar sem lögð var áhersla á forsendur og sjónarmið nemenda með tilvistarspurningar þeirra sérstaklega í brennidepli í trúarbragðafræðslunni. Grundvöllur þessarar nálgunar er meðal annars byggður á þeim rannsóknum sem þar höfðu átt sér stað og nefndar voru hér á undan, þar sem í ljós kom áhugi barna og unglunga á ýmsum spurningum sem snertu líf og tilvist manneskjunnar og vandamál tengd grundvallarlífsaðstæðum og breytni fólks.⁴¹ Í því sambandi var því haldið fram að meginhlutverk trúarbragðafræðslu í skólum væri að hjálpa nemendum að dýpka eigin þekkingu og skilning og víkka sjóndeildarhringinn og tilvistartengda reynslu. Á þann hátt mætti stuðla að því að nemendur þjálfuðust í að íhuga og ræða mikilvægar tilvistar- og siðferðisspurningar.⁴² Það gerist að sjálfsögðu ekki nema í samspili við ytra samhengi nemendanna, menningu og hefðir, og inntak trúarbragða og lífs-skoðana. Þannig má segja að tekið sé nokkurt tillit til beggja ofangreindra sjónarmiða í sænsku tilvistartengdu nálguninni.

Niðurlag

Ef manneskjan einkennist meðal annars af því að leita stöðugt merkingar og tilgangs með lífi sínu og ef rannsóknir benda til þess að börn og ungmenni fáist ekkert síður við tilvistarspurningar og túlkun reynslu sinnar en fullorðnir, þá vaknar sú spurning hvernig við sinnum þessum þætti í uppeldi og menntun, í námskrá skólanna og í námi og kennslu. Í samfélagsgreinahluta Aðalnámskrár grunnskóla, sem bæði trúarbragðafræði, siðfræði og lífsleikni falla undir ásamt fleiri greinum, segir meðal annars í svokölluðum hæfniviðmiðum: „Við lok 10. bekkjar getur nemandi fengist við og

³⁹ Sjá einkum Robert Jackson, *Religious Education: An Interpretive Approach*, London: Hodder & Stoughton, 1997; Robert Jackson, *Rethinking Religious Education and Plurality*, London: RoutledgeFalmer, 2004; Robert Jackson, „Contextual Religious Education and the Interpretive Approach“, *British Journal of Religious Education*, 30:1/2008, bls. 13–24.

⁴⁰ Heid Leganger-Krogstad, 2003: „Dialogue Among Young Citizens in a Pluralistic Religious Education Classroom“, *International Perspectives on Citizenship, Education and Religious Diversity*, ritstj. Robert Jackson, London: RoutledgeFalmer, 2003, bls. 170–190; Heid Leganger-Krogstad, *The Religious Dimension of Intercultural Education: Contributions to a Contextual Understanding*, Münster: LIT Verlag, 2011; Julia Ipgrave, „Dialogue, Citizenship and Religious Education“, *International Perspectives on Citizenship, Education and Religious Diversity*, ritstj. Robert Jackson, London: RoutledgeFalmer, 2003, bls. 147–168; Wolfram Weisse, „Difference Without Discrimination: Religious Education as a Field of Learning for Social Understanding?“, *International Perspectives on Citizenship, Education and Religious Diversity*, ritstj. Robert Jackson, London: RoutledgeFalmer, 2003, bls. 191–208. Sjá einnig Robert Jackson, *Rethinking Religious Education and Plurality*, bls. 109–125; Gunnar J. Gunnarsson, „Trúarbragðafræðsla í samfélagi margbreytileikans“, *Netla: Vefritun um uppeldi og menntun*, 6. júní 2012, sótt 2. júní 2017 af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/006.pdf>.

⁴¹ Sjá t.d. skýrslurnar *Tonáringen og lívsfrågorna: Elevattityder och undervisningen i livsåskådning och etik på grundskolans högstadium og Tonáringen och livet: Undersökning och diskussion kring tonáringen och livsfrågorna*, ritstj. Titti Hasselrot & Lars Olov Lernberg, Stokk-hólmi: Liber, 1980. Sjá ennfremur: Sven Åke Selander, *Undervisa i religionskunskap*, Lund: Studentlitteratur, 1993; Sven-Åke Selander, *Livstolkning: Om religion, livsåskådning och etik i skolan i ett didaktiskt perspektiv*; Sven G. Hartman, *Barns tankar om livet*, bls. 233–263; Sven G. Hartman, „Livstolkning hos barn och unga“, bls. 53–101; Sven G. Hartman, „Hur religionsämnet formades“, *Livstolkning och värdegrund: Att undervisa om religion, livsfrågor och etik*, ritstj. Edgar Almén o.fl., Linköping: Linköpings universitet, Skapande vetande, 2000, bls. 212–251.

⁴² Sven-Åke Selander, „Livstolkning — trostolkning — tydning“, bls. 14–34.

greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.⁴³ Það er því ljóst að námi í samfélagsgreinum er ætlað að stuðla að þessari hæfni. Þar af leiðandi ætti að setja tilvistartengd viðfangsefni og spurningar á dagskrá í samfélagsgreinakennslu, ekki hvað síst í tengslum við trúarbragðafræði, en einnig siðfræði og lífsleikni. Þar kemur bakgrunnur og reynsla nemenda líka við sögu og hvernig þeir vinna úr henni og þeim tilvistarspurningum sem þeir glíma við, í samspili við inntak og áherslur námskrár og námsefnis.

Í ritgerð frá árinu 1902, *The Child and the Curriculum*, lagði John Dewey áherslu á svipað samspil:

Grundvallarþættir í menntunarferlinu eru annars vegar óþroskaður einstaklingur og hins vegar tiltekin félagsleg markmið, merking og gildi sem eru holdi klædd í þroskaðri reynslu hinna fullorðnu. Menntunarferlið felur í sér tilhlýðilegt samspil þessara þátta.⁴⁴

Dewey varar við því í ritgerðinni að setja þessa þætti upp hvorn andspænis öðrum, að halda öðrum fram á kostnað hins. Hættan sé sú að við einblínum þá sífellt á andstæð sjónarmið í stað þess að horfa á menntunina sem heild. Barninu sé stillt upp andstætt námskrám, eðli einstaklingsins andstætt menningu samfélagsins. Þessi átök enda svo gjarnan í því sem Dewey kallar mismunandi menntunarsértrúarhópa (e. *educational sects*) sem annaðhvort séu uppteknir af mikilvægi innihalds námskránna eða setji barnið í brennidepil, bæði sem upphaf og endi alls. Lausnin að mati Deweys er sú að láta af þeirri hugmynd að það sé einhvers konar gjá milli reynslu barnsins og þeirra ólíku viðfangsefna sem námskrár og námsáætlanir fela í sér. Hann er einnig þeirrar skoðunar að við eigum að hætta að hugsa um námsgreinarnar sem eitthvað fastmótað og endanlegt í sjálfu sér, óháð reynslu barnsins, og jafnframt að hætta að líta á reynslu barnsins sem eitthvað fastákveðið. Í staðinn eigum við að líta á þetta sem breytilegt, ófullmótað og lifandi ferli þar sem sífellt samspil á sér stað milli reynslu barnsins og þess sem við köllum námsgreinar.

Þótt ritgerð Deweys sé meira en aldargömul eiga sjónarmið hans við enn þann dag í dag og tengjast vel spurningunni um samspil trúarbragðafræðslu og tilvistartúlkunar nemenda. Ef reynsla nemendanna og inntak trúarbragðafræðinnar eru þeir meginþættir sem mynda það ferli sem á sér stað í trúarbragðakennslunni, snýst það einmitt um samspilið milli reynslu og tilvistarspurninga nemendanna annars vegar og innihalds, hefða og menningarlegs samhengis trúarbragða og lífskoðana hins vegar. Með þessu móti getur trúarbragðafræðslan stutt nemendur í að vinna með reynslu sína og tilvistartúlkun ásamt því að efla færni þeirra í að skilja reynslu og tilvistartúlkun annarra. Þrátt fyrir að íslenskt samfélag hafi lengst af verið einsleitt hefur það breyst á síðustu árum og nú einkennist samfélagið æ meir af trúarlegri fjölbreyttu og margbreytileika, bæði innan hinnar kristnu trúarhefðar og vegna vaxandi áhrifa frá öðrum trúarbrögðum og lífsskoðunum. Þetta felur í sér að nemendur í skólum landsins taka með sér inn í skólastofuna mismunandi reynslu, skilning og afstöðu sem mótast af bakgrunni þeirra og hæfni til að vinna með eigin reynslu og hugmyndir. Námskrá, námsefni og kennsla í trúarbragðafræðum þarf því að fela í sér að lögð sé áhersla á þekkingu og hæfni nemenda til að fást við og ræða frásagnir, kenningar og hefðir ólíkra trúarbragða og lífsskoðana um leið og þeir ígrunda reynslu sína, hugmyndir og tilvistarspurningar. Góð þekking á frásögnum og hefðum trúarbragðanna hefur margvíslegt gildi í þessu sambandi, enda er lögð á það áhersla í hæfniviðmiðum í samfélagsgreinahluta Aðalnámskrár grunnskóla að nemendur geti „sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákni kristni og annarra helstu trúarbragða

⁴³ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011 — Greinasvið 2013*, bls. 199.

⁴⁴ John Dewey, „The Child and the Curriculum“, *The Child and the Curriculum and The School and Society*. Chicago og London: Phoenix Books, The University of Chicago Press, 1956, bls. 4-19, hér 4 (þýðing greinarhöfundar). Ég hef áður vísað í þessa ritgerð í tengslum við umfjöllun um trúarbragðafræðslu, sjá Gunnar J. Gunnarsson, „Trúarbragðafræðsla í samfélagi margbreytileikans“, bls. 12–13.

heims.⁴⁵ Sú hæfni skapar forsendur til aukins skilnings á ýmsum þáttum menningarinnar, svo sem bókmenntum, myndlist, ljóðlist, kvikmyndum og dægurlagatextum. Þekking á Biblíunni og kristinni trúararfleifð skiptir hér meðal annars máli vegna þeirra áhrifa sem hún hefur haft á íslenska menningu jafnframt því sem þekking á helgiritum og hefðum annarra trúarbragða er mikilvæg. Í samfélagsgreinahluta Aðalnámskrár grunnskóla er einmitt lögð áhersla á það þegar talað er um að nemendur geti „greint áhrif Biblíunnar og helgiritanna annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.“⁴⁶ Með aukinni þekkingu og skilningi má njóta margvíslegrar menningar með öðrum og jafnvel dýpri hætti en ella. Um leið getur slík þekking líka haft gildi þegar kemur að því að leita skilnings á sjálfum sér, viðhorfum annarra og tilverunni. Í trúarbragðafræðslunni má því gjarnan virkja og nýta þætti og stef úr dægurmenningunni og öðrum geirum menningarinnar sem búa yfir trúarlegum og tilvistarlegum vísunum, enda gerir aðalnámskráin ráð fyrir því að nemendur geti að loknu grunnskólanámi „útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.“⁴⁷ Slíkar vísanir geta hentað vel til að efna til samræðu um trúarbrögð og lífsskoðanir, tilvist og túlkun lífs og leitina að tilgangi og merkingu. Af nógu er að taka eins og dæmin sem tekin voru hér í upphafi sýna glögg.

⁴⁵ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur blati 2011 — Greinasvið 2013*, bls. 200.

⁴⁶ Sama rit, bls. 200.

⁴⁷ Sama rit, bls. 200.